

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Ólafur Pálsson hefir sjóveðrjett í v/b. Reyni B. A. nr. 148 á Bildudal fyrir 1168 kr. 13 a. ásamt 6 % ársvöxtum frá 8. júní 1926 til greiðsludags. Að öðru leyti skal dóminum óraksað, Málskostnaður í hæstarjetti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir kaupmaður Ólafur Pálsson, Ísafirði, höfðað fyrir sjórjetti Barðastrandarsýslu gegn skipstjóra Ólafi V. Bjarnasyni, sem skipstjóra á m.k. Reyni B. A. 148, sem samkvæmt birtingarvottorði og stefnunni frá 11. júlí þ. á., samkvæmt áritun stefnuvotta virðist rjettilega stefndur, en af hans hálfu var enginn mættur í rjettinum og var því málið eftir kröfu stefnanda tekið til meðferðar af sjódomnum og samkvæmt gildandi lögum dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Reikningur nr. 2 lagður fram í málinu á hendur m.k. Reynir á Bildudal, er undirritaður af nefndum Ólafi V. Bjarnasyni sem skipstjóra af m.k. Reynir, þar sem gefin er upp skuldin kr. 1719,63, og kemur þessi upphæð heim við stefnuna. Svo bera og undirfylgiskjölin með sjer, að þau öll eru undirrituð af viðkomandi úttektarmönnum sem starfandi mönnum á m.k. Reynir, og virtist því dómnefndinni óhjákvæmilegt, að fallast á sjóveðrjettarkröfu stefnanda að upphæð kr. 1719,63, ásamt 6 % vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og að því er málskostnaðinn snertir fjellst dómnefndin á, að ákveða hann kr. 150,00.

Miðvikudaginn 28. mars 1928.

Nr. 2/1928. **Valdstjórnin** (St. Jóh. Stefánsson)
gegn

Guðmundi Þorkelssyni (Guðm. Ólafsson).

Brot á áfengislöcgjöfinni.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 8. nóv. 1927: ~~Kærður~~ Guðmundur Jónsson, greiði 600 króna sekt

til rikissjóðs innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 32 daga.

Kærðir, Guðmundur Þorkelsson og Sofus Hansen sæti hvor um sig einföldu fangelsi í 30 daga og greiði 600 króna sekt í rikissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti þeir hvor um sig í hennar stað einföldu fangelsi í 32 daga.

Kærður Jón Jónsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og greiði 1000 króna sekt til rikissjóðs innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 48 daga.

Þeir Guðmundur Jónsson og Guðmundur Þorkelsson greiði hvor um sig kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt, en að öðru leyti greiði kærðir einn fyrir alla og allir fyrir einn allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Að því viðbættu, að kærði, sem með hæstarjettardómi 17. sept. 1923 hefir verið dæmdur í 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot á 156. sbr. 53. og 46. gr. hegningarlaganna í sambandi við mál út af broti á áfengislöggjöfinni, hefir auðsjáanlega gert allverulegan undirbúning til bruggunar ólöglegs áfengis hjer í bænum og selt bruggað áfengi og áfengisefni, þykir mega staðfesta lögreglurjettardóminn, þó þannig að refsingin verði 1000 kr. sekt og 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en vararefsingin 45 daga einfalt fangelsi verði sektin ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, m. a. 80 kr. málflutningslaun til hvors, sækjanda og verjanda hjer í rjetti.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Guðmundur Þorkelsson, sæti 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 kr.

sekt til rikissjóðs, er afplánist með 45 daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaðarákvæði lögreglurjettardómsins samþykkjast.

Loks greiði kærði allan áfrýjunarkostnað m. a. málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefáns-sonar og Guðmundar Ólafssonar, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Guðmundi Jónssyni, trjesmið, Bergstaðastræti 53, Guðmundi Þorkelssyni, kaupmanni, Bergstaðastræti 28, Jóni Jónssyni, kaupmanni og Sofus Hansen, báðum til heimilis á Laugaveg 28, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 25 frá 3. nóvember 1915 um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl. og lögum nr. 15 frá 8. júní 1925 um aðflutningsbann á áfengi.

Málavextir eru þeir sem nú skal greina og sannaðir með eigin játningu kærðra, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu.

25. september s. l. um kl. 10 síðdegis urðu menn þess varir, að eldur hafði komið upp í kjallara hússins nr. 53 við Bergstaðastræti. Slökkviliðið var kallað á vettvang og tókst því á stuttum tíma að slökkva eldinn, sem ekki hafði gripið nema litið um sig. Við athugun kom það þegar í ljós, að eldurinn hafði kviknað út frá bruggunartæki húseigandans, kærðs Guðmundar Jónssonar, sem hafði verið að brugga á eldavjel í kjallaranum. Við rannsókn málsins játuðu hinir kærðu, Guðmundur Þorkelsson og Guðmundur Jónsson, að þeir hefðu verið að brugga áfengi í kjallaranum þegar eldurinn kviknaði. Hafði Guðmundur Þorkelsson seinni partinn síðastl. sumar keypt sjer efni frá útlöndum, sem líktist saðu, en hafði að innihaldi mikið af spiritus; hann hafði einnig í

septembermánuði síðastl. keypt sjer bruggunaráhöld af Jóni Jónssyni, meðkærðum í þessu máli, sem hafði látið járnsmið einn hjer í bænum smíða þau eftir sinni fyrirsögn. Guðmundur Þorkelsson hafði síðan gert samning við Guðmund Jónsson, um að fá að brugga þarna í kjallaranum og að Guðmundur skyldi annast það verk fyrir hann gegn þóknun, sem þeir virðast þó ekki hafa verið búnir að koma sjer niður á, hve mikil ætti að vera. Guðmundur Þorkelsson flutti síðan eldavjel í kjallarann og ljet setja þar niður; einnig flutti hann þangað bruggunaráhöldin og efnið til bruggunarinnar. Voru þeir Guðmundarnir síðan þarna við að brugga í tvær nætur, en Jón hjálpaði þeim til þess að setja bruggunaráhöldin niður og sýndi þeim hvernig þeir ættu að fara að við bruggunina. Á þessum tveim nóttum segjast þeir hafa framleitt um 40 lítra af spiritus, sem mun hafa haft inni að halda um 70 % alkohol eftir rúmmáli, og eftir því sem upplýst er í málinu, virðist þessi spiritus hafa verið talsvert misjafn, en þó drekkandi. Guðmundur Þorkelsson seldi Sofus Hansen þenna spiritus fyrir 14 kr. hvern líter, en hann seldi hann síðan hinum og þessum fyrir enn þá hærra verð.

Þriðja kvöldið sem þeir Guðmundarnir voru að bvrja að brugga, en það var, eins og áður segir, 25. sept. s.l., lak með tappa eða mæli á dunknum, sem bruggunarefnið var soðið í, niður í eldinn, svo að kviknaði í efninu og orsakaði það eldsuppkomuna.

Guðmundur Jónsson hafði fengið 30 kr. greiddar frá nafna sínum fyrir að vera við bruggunina og lána húsrúmið.

Hinn 27. september s.l. var gerð húsleit eftir áfengi og bruggunaráhöldum hjá kærðum Jóni Jónssyni, Laugaveg 23, fundust hjá honum tvær flöskur með slatta af spiritusblöndu og reyndist innihald annarar flöskunnar 54,5 % alkohol eftir rúmmáli, og hinnar 74,5 %. Þenna sama dag var einnig gerð húsrannsókn hjá Sofusi Hansen og fanst hjá honum einn dunkur, sem alkohol virtist hafa verið geymt í. Bæði Sofus og Jón voru yfirheyrðir þenna sama dag; Sofus kannaðist við að hafa keypt áfengið af Guðmundi Þorkelssyni og selt það aftur ýmsum, eins og áður segir, og Jón Jónsson játaði að hafa selt Guðmundi Þorkessyni bruggunaráhöldin og hjálpað þeim Guðmundunum til að koma brugginu á stað. En vegna þess að Jón Jónsson lá þá rúmfastur var ekki þá tekið

til rannsóknar hvaðan hann hafði þann spiritus, sem hjá honum fanst við húsrannsóknina.

Hinn 26. f. m. var rannsókninni haldið áfram og upplýstist þá, að Sofus Hansen, sem áður hafði búið á Grettisgötu 43, hafði flutt heim til Jóns Jónssonar í húsið nr. 28 við Laugaveg og að þeir Sofus og Jón höfðu haldið brugguninni áfram. Hafði Guðmundur Þorkelsson í septembermánuði s.l. selt Jóni Jónssyni 3 dunka af efni til bruggunar, um 26 til 28 kg. hvern, að nokkru leyti í skiftum fyrir bruggunaráhöldin. Þetta efni geymdi Jón í skúr bak við húsið nr. 28 við Laugaveg, en um mánaðamótin september og októbor s.l. ljét Jón Sofus kaupa fyrir sig bruggunaráhöld á sama stað og hann hafði áður keypt bruggunaráhöldin handa Guðmundi. Þessi bruggunaráhöld settu þeir niður á loftinu heim hjá Jóni og bruggaði Sofus síðan úr þessum þrem fyrnefndu dunkum. Spiritusinn, sem þeir framleiddu þannig, mun hafa verið um 70—80 litrar, sem Sófus eftir tilmælum Jóns, seldi sumt fyrir 24 kr. litrann en sumt fyrir 20 kr. Mun Jón hafa fengið um 15 kr. fyrir hvern litra, en hitt runnið í vasa Sofusar fyrir að annast bruggunina og selja spiritusinn. Spiritusblönduna, sem fanst hjá Jóni Jónssyni við húsrannsóknina 27. sept. s.l., kveðst hann hafa fengið að gjöf frá Guðmundi Þorkelssyni, sem þó hefir ekki viljað kannast við það. Sofus Hansen hefir einnig jatað að hafa skörumu eftir nýár s.l. vetur keypt nokkra litra af spiritus af manni einum hjer í bænum og selt þann spiritus öðrum með hagnaði.

Bruggunaráhöldin, sem þeir Guðmundur Þorkelsson og Guðmundur Jónson notuðu á Bergstaðastræti 53 og áhöldin sem þeir Jón og Sofus notuðu á Laugaveg 28, hefir lögreglan tekið í sínar vörslur.

Þeir Guðmundur Jónsson og Guðmundur Þorkelsson voru í gæsluvarðhaldi frá 26. til 27. september s.l.

Jón Jónsson hefir 6. júní 1923 undirgengist í lögreglu-rjetti Reykjavíkur 500 króna sekt fyrir óleyfilegan innflutning áfengis og 23. apríl 1926 var hann í hæstarjetti dæmdur í þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 3000 króna sekt, einnig fyrir óleyfilegan innflutning áfengis.

Guðmundur Jónsson hefir 24. nóvember 1926 undirgengist fyrir lögreglurjetti Reykjavíknr 400 króna sekt fyrir óleyfilega áfengissölu.

Guðmundi Þorkelssyni og Sofus Hansen hefir ekki áður verið refsað fyrir brot gegn áfengisbannslöggjöfinni.

Það er ekki upplýst í málinu, að Guðmundur Jónsson hafi tekið nokkurn þátt í sölu þess áfengis, sem hann bruggaði með Guðmundi Þorkelssyni, og verður því að sýkna hann af kærú valdstjórnarinnar fyrir brot gegn ákvæðum laga um aðflutningsbann á áfengi. Hinsvegar hefir hann með framangreindu framferði sínu brotið gegn banni 1. gr. laga nr. 25 frá 3. nóvember 1915, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið eftir 3. gr. laganna, hæfilega ákveðin 600 króna sekt, er renni í ríkissjóð og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, ella sæti hann í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 32 daga.

Brot þeirra Guðmundar Þorkelssonar, Jóns Jónssonar og Sofusar Hansen ber að áliti dómarans að heimfæra undir 1. gr. sbr. 3. gr. laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja og 9. gr. sbr. 14. gr. laga um aðflutningsbann á áfengi.

Refsing þeirra Guðmundar Þorkelssonar og Sofusar Hansen, sem hafa bruggað og selt áfengi í atvinnuskyni, þykir hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í 30 daga og 600 króna sekt, er renni í ríkissjóð og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, ella sæti þeir hvor um sig í hennar stað einföldu fangelsi í 32 daga.

Refsing sú, sem Jón Jónsson hefir til unnið, þykir, með tilliti til fyrri brota hans og þess að bruggunin og salan er gerð í atvinnuskyni, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1000 króna sekt, er renni í ríkissjóð og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, ella sæti kærður i hennar stað einföldu fangelsi í 48 daga.

Þeir Guðmundur Jónsson og Guðmundur Þorkelsson greiði hvor um sig kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt, en að öðru leyti greiði kærðir einn fyrir alla og allir fyrir einn allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Áfengið, efnið til bruggunar og bruggunaráhöldin, sem fundist hafa í vörslum kærðra, skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.